

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerð 47. fundar verkefnahóps BsVest, 19. mars 2015 kl:11.00. Fundurinn var haldinn í síma. Mætt voru Sif Huld Albertsdóttir, formaður, Elsa Reimarsdóttir, María Játvarðardóttir og Aðalsteinn Óskarsson. Formaður kynnti að Guðný Hildur Magnúsdóttir væri forfölluð og Margrét Geirsdóttir myndi seinka.

Dagskrá:

1. Svar frá Jöfnunarsjóði, beiðni um þátttöku jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í úrvinnslu rannsóknar Félagsvísindastofnunar HÍ
Formaður kynnti bréf Jöfnunarsjóðs dags 4. mars sl. Tekið er jákvætt í erindi BsVest að hálfu Jöfnunarsjóðs um greiðslu helmings kostnaðar við úrvinnslu rannsóknar. Formaður gerði tillögu um að fresta framkvæmd þessa máls þar til skýrist nánar með framhald erindis BsVest til aðildarsveitarfélaga um að hefja viðræður við velferðarráðherra um skil á málaflokknum.

Formaður óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá umsókn um styrk til náms, verkfæra og tækjakaupa. Verkefnahópur gerir ekki athugasemd við það.

2. Umsókn um styrk til náms, verkfæra og tækjakaupa.
Formaður kynnti greinargerð frá Ísafjarðarbæ, einnig kom hann inn á að á árinu 2014 hefði ekki allt fjármagn sem ætlað var til styrks náms, verkfæra og tækjakaupa verið nýttur og því rúmast þessu umsókn innan fjárhagsramma síðasta árs. Verkefnahópur samþykkir tillögunu. Styrkfjárhæð nemur 75% af heildarkostnaði, kr. 52.425,-.

Margrét Geirsdóttir mætti til fundar.

3. Félagsþjónusta og barnavernd, fundur með nefnd um endurskoðun stjórnslu á sviði félagsþjónustu og barnaverndar.
Formaður tilkynnti að starfshópurinn hefði óskað eftir að fresta boðuðum fundi þann 12. mars s.l. á Hólmavík. Ný dagsetning fundar hefur ekki verið staðfest, en nú er stefnt að funda á Ísafirði, væntanlega í næstu viku.
4. Skil á fjárhagsupplýsingum um málefni fatlaðs fólks sem snýr að BsVest til Jöfnunarsjóðs vegna uppgjors árið 2014.
Formaður fór yfir aðsendar fjárhagsupplýsingar félagsþjónustu sveitarfélagana fyrir árið 2014. Formaður bað félagsmálastjóra að fara yfir tölurnar hjá sínu svæði og ef einhverjar villur væru að senda eigi seinna en 23. mars n.k. leiðréttingu.
5. Annað.
 - a. Beiðni um upplýsingar um búsetuúrræði hjá sveitarfélögum BsVest frá sambandi íslenskra sveitarfélaga sent þann 9 mars 2015, formaður innti eftir upplýsingum um hvar málið væri statt. Margrét Geirsdóttir, félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar tók til máls og kynnti að Ísafjarðarbær hefði einnig fengið beiðni frá velferðarráðuneytinu um sama efni degi áður, þar sem beðið var um búsetuupplýsingar frá Ísafjarðarbæ, félagsmálastjórar hinna sveitarfélagana bentu á það að hafa ekki fengið beiðni frá ráðuneytinu varðandi búsetuúrræði. Verkefnahópur veltir því fyrir sér hvort að ráðuneytið lhafi haft allar

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

upplýsingar varðandi önnur svæði innan BsVest og vill benda á alvarleikan í vinnubrögðum sem þessum og beinir því til stjórnar að taka málið upp með ráðuneytinu.

- b. Upplýsingar um gang mála vegna ályktunar stjórnar BsVest þann 23. febrúar s.l.
Formaður ásamt framkvæmdastjóra BsVest fóru yfir stöðu mála hjá BsVest og kynntu að átta sveitarfélög af níu væru búin að samþykkja ályktun stjórnar BsVest frá 23. feb.s.l.. Formaður sagði einnig frá því að Rætur bs. (byggðasamlag sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks á vestanverðu Norðurlandi) hefðu tekið undir ályktun stjórnar BsVest frá 23. febrúar s.l.. Verkefnahópur vill áréttta að þau vinnubrögð og seinagangur sem virðist vera í verkferlum velferðaráðuneytisins og jöfnunarsjóðs sé ekki boðlegur sveitarfélögum landsins og beinir því til stjórnar að senda ábendingu um stjórnarsýslu málaflokksins til umboðsmanns Alþingis.
- c. Ársskýrsla 2014. Formaður vildi minna á að gögn fyrir ársskýrslu yrðu send út í næstu viku og meðfylgjandi því væri tímarammi sem fara á eftir við skil á ársskýrslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12:00

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri
BsVest